

# Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2020, föstudaginn 29. maí kl. 09:10, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 775.  
embættisafgreiðslufundur sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs.  
Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Sólveig Sigurðardóttir, Guðlaug Erna  
Jónsdóttir, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Haukur Hafliði Nínuson, Hulda Einarsdóttir, Björn Ingi  
Edvardsson, Ólafur Melsted, Lilja Grétarsdóttir, Hildur Gunnarsdóttir og Ingvar Jón Bates  
Gíslason.

Ritari var Harri Ormarsson.

## Þetta gerðist:

- Eyjarslóð 1, Hólmaslóð 2A - Bæta við 3ju** (11.115.02) Mál nr. BN057643  
*hæðinni* Skjalnr. 5644  
601011-0770 Guðlax ehf., Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. maí 2020 var lagt fram erindi frá  
afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. maí 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja  
inndregna 3. hæð með svölum, þar sem útveggir verða steypfir með timburþaki, á mhl.  
01 í húsinu Hólmaslóð 2A, á lóð Eyjarslóð 1. Erindinu var vísað til umsagnar  
verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. maí  
2020.  
Samkomulag um byggingarétt á lóðinni, undirritað af meðeigendum, GT 2 ehf. Stækkun  
3. hæðar er: 114,3 ferm., 388,1 rúmm. Gjald kr. 11.200  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. maí 2020 samþykkt.*
- Logafold 53, Op í vegg, áður gert kjallara,** (28.758.07) Mál nr. BN057684  
*bílastæði o.fl.* Skjalnr. 9909  
Anna Ólöf Kristófersdóttir, Logafold 53, 112 Reykjavík  
Baldvin Örn Ólason, Logafold 53, 112 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. maí 2020 þar sem sótt er  
um leyfi til að stækka íbúð 0101 þannig að útgröfnu rými sem er bætt við íbúðina verður  
geymsla, opnað á milli eldhúss og stofa ásamt breytingum á innra skipulagi íbúðar auk  
þess er sótt um fjölgun bílastæða úr tveimur í þrjú við tvíbýlishúsið á lóð nr. 53 við  
Logafold.  
Bréf hönnuðar dags. 19. maí 2020 og umsögn og teikninga A3 frá burðarvirkishönnuði  
dags. 31. janúar 2020 fylgir erindinu. Stækkun vegna rýmis sem verið er að taka í notkun:  
XX ferm., XX rúmm. Gjald kr. 11.200  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
- Tjarnargata 38, (fsp) bílastæði á lóð** (01.142.2) Mál nr. SN200311  
Skjalnr. 13774  
660504-2060 Plúsarkitekta ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík  
Alba Solís, Þorfinnsgata 2, 101 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Plúsarkitekta ehf. dags. 19. maí 2020 um að setja bílastæði á lóð  
nr. 38 við Tjarnargötu. Einnig er lögð fram greinargerð/tillaga Plúsarkitekta ódags.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

4. **Langholtsvegur 89, (fsp) svalir, gluggar o.fl.** (01.410.0) Mál nr. SN200277  
Skjalnr. 9599  
490103-3250 Aforka ehf., Kársnesbraut 110, 200 Kópavogur  
Lögð fram fyrirspurn Aforku dags. 30. apríl 2020 um að setja svalir á húsið á lóð nr. 89 við Langholtsveg, skipta út og breyta gluggum á suðurhlíð hússins, setja skyggni/pakkant á vesturhlíð hússins og loka fyrir glugga á norðurhlíð hússins vegna klæðningar á bílskúr.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
5. **Laufásvegur 50, (fsp) hækkun á þaki,** (01.185.5) Mál nr. SN200319  
Skjalnr. 14279  
*stækkun húss o.fl.*  
Hlynur Hreinsson, Laufásvegur 50, 101 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Hlyns Hreinssonar dags. 18. maí 2020 um hækkun á þaki hússins á lóð nr. 50 við Laufásveg, stækkun húss til norðvesturs og færa inngang í kjallara á norðurhlíð, stækkun á kjallara til suðvesturs með svölum á 1. hæð, breyta notkun skúrs á bakslóð í íbúð, færa innkeyrslu o.fl. samkvæmt tillögu UNBRA ódags.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
6. **Skyggisbraut, framkvæmdaleyfi** (05.05) Mál nr. SN200289  
Skjalnr. 14274  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. maí 2020 var lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 8. maí 2020 um framkvæmdaleyfi vegna breytingu á Skyggisbraut frá Skyggnistorgi og austur fyrir Skyggisbraut 30 sem felst í að fjarlægja miðeyju og bæta við hjólastígum beggja vegna akbrauta ásamt fullnaðarfrágangi sunnan götu. Einnig er lagt fram teikningasett dags. 1. maí 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. maí 2020.  
*Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 29. maí 2020. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.3 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*
7. **Austurstræti 12A, Breyta innra skipulagi,** (01.140.408) Mál nr. BN057303  
Skjalnr. 12600  
*loka milli hæða og opna á milli Austurstræti*  
*12a og 14 og gera nýjar svalir*  
530117-0730 Reitir - skrifstofur ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. maí 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. maí 2020 þar sem sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi allra hæða, loka stigaopi milli 1. og 3. hæðar og opna á milli Austurstrætis 12a og 14, á 1. hæð verður veitingastaður í flokki I, tegund c) fyrir mest 45 gesti, á 2. og 3. hæð verða skrifstofur Alþingis líkt og er nú á 4. og 5. hæð húss nr. 12a við Austurstræti. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 27. maí 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. maí 2020.  
Erindi fylgir umsókn BN057302, Austurstræti 14, dags. 18. febrúar 2020, sem er hluti af beiðninni um opnun milli húsanna nr. 12a og 14 við Austurstræti. Gjald kr. 11.200  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. maí 2020 samþykkt.*
8. **Ánaland 2-4, breyting á deiliskipulagi** (01.847.8) Mál nr. SN200295

430707-1670 Studio F ehf, Kelduhvammi 6, 220 Hafnarfjörður

Íris Baldursdóttir, Spánn, Lögð fram umsókn Friðriks Friðrikssonar dags. 13. maí 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Eyrarlands vegna lóðarinnar nr. 2-4 við Ánaland. Í breytingunni felst að stækka byggingarreit lóðarinnar til suðurs og austurs til að koma fyrir einnar hæðar viðbyggingu við húsið með þaksvölum, samkvæmt uppdr. Studio F ehf. Við breytinguna fer nýtingarhlutfall lóðar úr 0.41 í 0.43. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. maí 2020.

*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Ánalandi 1 og 4 og Brautarlandi 2.*

*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6.gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*

9. **Kirkjuteigur 9, Breyta áður gerðri íbúð í séreign** (01.360.509) Mál nr. BN057544  
Skjalnr. 8061

Birgir Birgisson, Kirkjuteigur 9, 105 Reykjavík

Kristín Fjóra F Birgisdóttir, Kirkjuteigur 9, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. maí 2020 þar sótt er um leyfi til þess að gera áður gerða íbúð að séreign ásamt hluta bílageymslu í húsi nr. 9 við Kirkjuteig. Einnig er lagður fram tölvupóstur byggingarfulltrúa dags. 25. maí 2020 þar sem umsagnarbeiðni er dregin til baka. Gjald kr. 11.200

*Afgreitt sbr. tölvupóst byggingarfulltrúa dags. 25. maí 2020.*

10. **Dunhagi, Hjarðarhagi og Tómasarhagi, skipulagslýsing, deiliskipulag** Mál nr. SN200207  
Skjalnr. 8534

Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að skipulagslýsingu fyrir Dunhaga, Hjarðarhaga og Tómasarhaga fyrir gerð nýs deiliskipulags fyrir svæði sem afmarkast af Dunhaga 18-20, Hjarðarhaga 27-33 og Tómasarhaga 32-46. Í tillögunni felst að festa í sessi leiksvæði á borgarlandi og hverfisvernd á byggð Hjarðarhaga og Tómasarhaga með minniháttar heimildum til breytinga þ.á.m. bílskúrsheimilda á tveimur lóðum, niðurrifi bílskúra og uppbyggingu á lóð nr. 18-20 við Dunhaga samkvæmt skipulagslýsingu THG Arkitekta ehf. dags. í apríl 2020. Einnig eru lagðir fram tölvupóstar Sigurðar Þránínssonar dags. 11. maí 2020 og Bjarka Más Baxter dags. 12. maí 2020 þar sem óskað er eftir framlengingu á athugasemdarfresti. Kynning stóð yfir frá 24. apríl 2020 til og með 25. maí 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Borgarsögusafn Reykjavíkur dags. 13. maí 2020, Skipulagstofnunar dags. 14. maí 2020, 7 íbúar og eigendur að Hjarðarhaga 27 dags. 14. maí 2020, Einar Ólafsson dags. 15. maí 2020, Signý Sif Sigurðardóttir dags. 15. maí 2020, Soffía Óladóttir dags. 15. og 24. maí 2020, Áslaug Árnadóttir lögmaður f.h. Árna Kolbeinssonar eiganda tveggja íbúða að Tómasarhaga 34 dags. 15. maí 2020, íbúaráð Vesturbæjar dags. 15. maí 2020, Hildur Þórisdóttir dags. 15. maí 2020, Elmar Freyr Torfason dags. 16. maí 2020, Sírý Baldursdóttir dags. 17. maí 2020, Andrés Gunnarsson dags. 17. maí 2020, Sveinn Ólafsson dags. 18. maí 2020, Sveinn Margeirsson dags. 18. maí 2020, Bjarki Már Baxter lögmaður f.h. eigendur að Tómasarhaga 32 dags. 18. maí 2020, Jónas Björn Swift dags. 18. maí 2020, skrifstofa umhverfisgæða dags. 18. maí 2020, Minjastofnun Íslands dags. 20. maí 2020, íbúaráð Vesturbæjar dags. 22. maí 2020, Soffía Óladóttir dags. 24. maí 2020 og Hilmar Guðjónsson og Kolbrún Vaka Helgadóttir dags. 24. maí 2020.

*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

11. **Grettisgata 20A og 20B, breyting á** (01.182.1) Mál nr. SN200257  
*deiliskipulagi* Skjalnr. 13142  
641108-0490 Xyzeta ehf., Ármúla 18, 108 Reykjavík  
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. maí 2020 var lögð fram umsókn Helga Indriðasonar dags. 27. apríl 2020 ásamt greinargerð dags. 22. apríl 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.182.1 með síðari breytingum vegna lóðanna nr. 20A og 20B við Grettisgötu. Í breytingunni felst að sameina lóðirnar nr. 20A og 20B og setja inn nýjan byggingarreit fyrir sameiginlegt stigahús á lóð, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 22. apríl 2020. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 17. febrúar 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*
12. **Jöklasel 2, (fsp) stækkun húss, ný aðkoma** (04.976.6) Mál nr. SN200210  
*o.fl.* Skjalnr. 7453  
510497-2799 Félagsbústaðir hf., Þönglabakka 4, 109 Reykjavík  
420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. maí 2020 var lögð fram fyrirspurn Gunnars Boga Borgarssonar dags. 6. apríl 2020 um að breyta sambýli á lóð nr. 2 við Jöklasel úr herbergjasambýli í íbúðasambýli, stækka húsið sem nemur anddyri við hverja íbúð og gera nýja aðkomu að íbúðum innan núverandi jarðvegsmanar, samkvæmt tillögu ASK Arkitekta ehf. dags. 25. maí 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju.  
*Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.*
13. **Miðbakki, Geirsgata 11, 13 og 15, (fsp)** (01.118) Mál nr. SN200301  
*reisa fjölnotabyggingu* Skjalnr. 9674  
560997-3109 Yrki arkitektar ehf., Mýrargötu 26, 101 Reykjavík  
620198-2269 Geirsgata 11 ehf., Fiskislóð 14, 101 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Yrki arkitekta dags. 13 maí 2020 ásamt greinargerð dags. 7. maí 2020 um mögulega uppbyggingu á lóðum nr. 11, 13 og 15 við Geirsgötu sem felur í sér að reisa fjölnotabyggingu á Miðbakknum, samkvæmt tillögu Yrki Arkitekta dags. 21 febrúar 2020.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
14. **Bugðulækur 18, (fsp) bygging tveggja** (01.344.3) Mál nr. SN200268  
*bílskúra* Skjalnr. 10769  
Friðleifur E Guðmundsson, Bugðulækur 18, 105 Reykjavík  
Sigurður Einar Einarsson, Bugðulækur 18, 105 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Friðleifs E. Guðmundssonar og Sigurðar Einars Einarssonar dags. 24. apríl 2020 um byggingu tveggja bílskúra á lóð nr. 18 við Bugðulæk að stærð ca. 30-32 fm. hvor skúr. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. maí 2020.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. maí 2020 samþykkt.*
15. **Bryggjuhverfi, reitur G, (fsp) breyting á** Mál nr. SN200263  
*deiliskipulagi* Skjalnr.  
560611-0210 Sedrus ehf., Hlíðasmára 6, 201 Kópavogur  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. maí 2020 var lögð fram fyrirspurn Sedrus ehf. dags. 4. maí 2020 um breytingu á deiliskipulagi Bryggjuhverfis vegna reits G sem felst m.a. í fjölgun íbúða úr 75 íbúðum í allt að 115 íbúðir, fjölgun bílastæða í kjallara úr 40 stæðum í allt að 80 stæði, setja sameiginlegt garðhýsi/geymslu í miðgarði o.fl., samkvæmt tillöguhefti Krads ehf. dags. 28. febrúar 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. maí 2020.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. maí 2020 samþykkt.*

16. **Kringlan, skipulagslýsing fyrir gerð deiliskipulags** (01.721) Mál nr. SN200181  
Skjalnr. 7497  
Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju skipulagslýsing, Kanon arkitekta og VSÓ ráðgjafar dags 18. mars 2020, vegna skipulagsgerðar og umhverfismats "Kringlusvæðisins". Kynning stóð yfir frá 8. apríl 2020 til og með 20. maí 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Borgarsögusafn Reykjavíkur dags. 5. maí 2020, Veðurstofa Íslands dags. 12. maí 2020, Minjastofnun Íslands dags. 19. maí 2020, Vegagerðin dags. 19. maí 2020, Finnur Magnússon lögmaður f.h. Hús verslunarinnar sf., Kringlunnar 7 húsfélag og þinglýstra eigendur fasteigna í Kringlunni 7 dags. 19. maí 2020, Jón Ævar Pálmason og Þórhildur Kristinsdóttir dags. 20. maí 2020, íbúaráð Miðborgar og Hlíða dags. 20. maí 2020, María Hjaltalín f.h. íbúasamtaka 3. hverfis dags. 20. maí 2020, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur dags 20. maí 2020. Veitur dags. 22. maí 2020 og íbúaráð Miðborgar og Hlíða dags. 27. maí 2020. Einnig er lagður fram tölvupóstur Umhverfisstofnunar dags. 30. apríl 2020.  
*Vísað til meðferðar verkefnisstjóra.*
17. **Stafnasel 4, (fsp) fjölgun bílastæða** (04.924.2) Mál nr. SN200310  
Skjalnr. 14195  
Konráð Logn Haraldsson, Grundarbraut 6B, 355 Ólafsvík  
560600-3050 VHÁ verkfræðistofa ehf., Suðurlandsbraut 46, 108 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Hauks Ásgeirssonar dags. 19. maí 2020 um fjölgun bílastæða á lóð nr. 4 við Stafnasel, samkvæmt tillögu dags. 19. maí 2020.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
18. **Ystasel 24, (fsp) fjölgun bílastæða** (04.930.2) Mál nr. SN200322  
Skjalnr. 14097  
Daníel Sigurðsson, Ystasel 24, 109 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Daníels Sigurðssonar dags. 26. maí 2020 um að fjölga bílastæðum á lóð nr. 24 við Ystasel, samkvæmt tillögu/privíddarmynd ódags.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
19. **Akurgerði 7, (fsp) stækkun á byggingarreit og svalalokun** (01.813) Mál nr. SN200286  
Skjalnr. 14273  
Guðmundur Árni Þórisson, Akurgerði 7, 108 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. maí 2020 var lögð fram fyrirspurn Guðmundar Árna Þórissonar dags. 10. maí 2020 um að stækka byggingarreit lóðarinnar nr. 7 við Akurgerði lítillaga til austurs og vesturs og loka svölum og setja þess í stað glugga, samkvæmt uppdr. Davíðs Árnasonar ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. maí 2020.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. maí 2020 samþykkt.*
20. **Norðurstígur og Nýlendugata, framkvæmdaleyfi** (01.132) Mál nr. SN200272  
Skjalnr. 14271  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. maí 2020 var lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 4. maí 2020 um framkvæmdaleyfi vegna endurgerðar á Norðurstíg milli Vesturgötu og Geirsgötu og Nýlendugötu milli Norðurstígs og Ægisgötu. Einnig er lagt fram teikningasett dags. 1. maí 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. maí 2020.  
*Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 29. maí 2020. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*

21. **Gullslétta 6, breyting á deiliskipulagi** (34.2) Mál nr. SN200171  
Skjalnr. 14214  
421007-1600 Lækjarmelur ehf, Bæjarflöt 8, 112 Reykjavík  
601005-0260 Teiknistofan H.R. ehf, Næfurási 2, 110 Reykjavík  
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Davíðs Karls Karlssonar dags. 17. mars 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir Esjumela á Kjalarnesi vegna lóðarinnar nr. 6 við Gullsléttu. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit lóðarinnar til suðausturs um 7. metra, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar H.R ehf. dags. 2. mars 2020. tillagan var grenndarkynnt frá 29. apríl 2020 til og með 27. maí 2020. Engar athugasemdir bárust.  
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*
22. **Klettháls 13, (fsp) afnot af borgarlandi** (04.346.7) Mál nr. SN200274  
Skjalnr. 10748  
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík  
641097-3229 Fönn - Þvottapjónustan ehf., Kletthálsi 13, 110 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn THG Arkitekta ehf. dags. 6. maí 2020 ásamt bréfi dags. 6. maí 2020 um tímabundin afnot af borgarlandi austan við núverandi lóðarmörk lóðarinnar nr. 13 við Klettháls, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 6. maí 2020.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
23. **Suðurlandsvegur, framkvæmdaleyfi** (05.8) Mál nr. SN200189  
Skjalnr. 9250  
680269-2899 Vegagerðin, Borgartúni 5-7, 105 Reykjavík  
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Vegagerðarinnar dags. 25. mars 2020 um framkvæmdaleyfi vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar frá Vesturlandsvegi að Bæjarhálsi ásamt tengingum við núverandi vegakerfi og lengingu og breikkun á undirgöngum við Krókháls. Einnig er lagt fram bréf Vegagerðarinnar dags. 26. mars 2020, útbodslýsing Eflu dags. í janúar 2020 og tillöguhefti - uppdrættir Eflu dags. í janúar 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. apríl 2020. Erindi var grenndarkynnt frá 19. maí 2020 til og með 16. júní 2020 en þar sem samþykki hagsmunaaðila barst þann 26. maí 2020 er erindi nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. maí 2020.  
*Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 27. maí 2020 og með vísan til 3.mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*
24. **Vesturbæjarsundlaug - Hofsvallagata 54, breyting á deiliskipulagi** (01.526.1) Mál nr. SN190383  
Skjalnr. 7723  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 21. júní 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vesturbæjarlaugar, lóð nr. 54 við Hofsvallagötu. Í breytingunni felst að komið er fyrir hundagerði á lóðinni, núverandi grenndargámastöð er fest í sessi og bílastæðum fækkað lítillega, samkvæmt uppdr. Eflu dags. 20. febrúar 2020 br. 26. maí 2020. Tillagan var auglýst frá 31. mars 2020 til og með 12. maí 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Anna Kristín Sigurðardóttir forstöðumaður Vesturbæjarlaugar og Nauthólsvíkur dags. 30. mars 2020, Þórhallur Ólafsson dags. 17. apríl 2020, Júlíana Björnsdóttir og fjölskylda dags. 19. apríl 2020, Ingunn A. Ingólfssdóttir dags. 19. apríl 2020, Sigurður Oddgeir Sigurðsson dags. 20. apríl 2020, Drífa Hansen dags. 21. apríl 2020, Guðrún Þórarinsdóttir, 21. apríl 2020, Ástrós Eva Einarsdóttir dags. 21. apríl 2020, Sunna Sasha dags. 21. apríl 2020, Aldís Amah Hamilton dags. 21. apríl 2020, Alda Sigmundsdóttir dags. 22. apríl 2020, Sigurlaug

Bragadóttir dags. 24. apríl 2020, Vala Árnadóttir dags. 24. apríl 2020, Fríða Þorkeldsdóttir dags. 24. apríl 2020, Ívar Kristjánsson dags. 25. apríl 2020, Berglind Borgþórsdóttir dags. 25. apríl 2020, Ásdís Elva Pétursdóttir dags. 26. apríl 2020, Ingibjörg Anna Arnarsdóttir dags. 27. apríl 2020, Freyja Kristinsdóttir f.h. stjórnar FÁH dags. 29. apríl 2020, Ólafur Hauksson dags. 5. maí 2020, Jón Skaftason dags. 11. maí 2020, Páll Kristjánsson formaður Knattspyrnudeildar KR dags. 11. maí 2020, Ásgerður Ragnarsdóttir og Stefán A. Svensson dags. 11. maí 2020, Jón Eiríksson og Þórunn Þórisdóttir dags. 12. maí 2020, Birgir Þ. Jóhannsson, Ásta Olga Magnúsdóttir og Björn Karlsson dags. 12. maí 2020, Gísli Marteinn Baldursson dags. 12. maí 2020 og íbúaráð Vesturbæjar dags. 22. maí 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. maí 2020 og er nú lagt fram að nýju.

*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

25. **Vesturlandsvegur, breyting á deiliskipulagi**

Mál nr. SN200276  
Skjalnr. 12322

680269-2899 Vegagerðin, Borgartúni 5-7, 105 Reykjavík  
500299-2319 Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. maí 2020 var lögð fram umsókn Finns Kristinssonar dags. 8. maí 2020 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Vesturlandsvegar. Gerðar eru textabreytingar í köflum 5.1, 5.3, 5.4. og 5.5 vegna útfærslu vegarins, samkvæmt uppfærðri greinargerð, skilmálum og umhverfisskýrslu dags. 7. júní 2018 br. 8. maí 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

*Vakin er athygli á að erindið fellur undir lið 8.2 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

26. **Vogabyggð svæði 5, breyting á deiliskipulagi**

(01.45)

Mál nr. SN200239  
Skjalnr. 13136

501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

Lögð fram umsókn Veitna dags. 20. apríl 2020 ásamt minnisblaði dags. 20. apríl 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar svæði 5. Í breytingunni felst að heimilt er að koma fyrir um 105 fm. landfyllingu vestan skólþælustöðvar til að tryggja öryggi byggingarinnar og hækka land á lóð skólþælustöðvar, samkvæmt uppdr. Jvantspijkes og Teiknistofunnar Traðar dags. 25. maí 2020. Einnig eru lagðir fram uppdr. Verkís dags. 6. mars 2020, 17. apríl 2020 og ódags. og bréf Hafrannsóknarstofnunar dags. 14. apríl 2020.

*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

*Vakin er athygli á að erindið fellur undir lið 8.2 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

27. **Flólagata 7, (fsp) hækkun á þaki**

(01.243.6)

Mál nr. SN200316  
Skjalnr. 14143

Ingi Örn Andrésson, Langabrekka 22, 200 Kópavogur

Lögð fram fyrirspurn Inga Arnar Andréssonar dags. 19. maí 2020 um að hækka þak hússins á lóð nr. 7 við Flólagötu.

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

28. **Hallveigarstígur 1, Breytinga - 3. og 4. hæð**

(11.712.08)

Mál nr. BN057663

510497-2799 Félagsbústaðir hf., Þönglabakka 4, 109 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. maí 2020 þar sem sótt er um leyfi til að fjarlægja stiga á milli 3. og 4. hæðar, breyta innra skipulagi skrifstofa á 3. hæð og að 4. hæð verði breytt úr skrifstofum í fjórar íbúðir, auk þess verður suðaustur hlið 4. hæðar dregin inn um 30 cm. á húsi á lóð nr. 1 við Hallveigarstíg.

Stærðarbreyting xx,x ferm., xx,x rúmm. Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 6. maí 2020 og yfirlit yfir breytingar. Gjald kr. 11.200

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

29. **Bústaðavegur 151-153, framkvæmdaleyfi** (01.826.1) Mál nr. SN200288  
Skjalnr. 7581

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. maí 2020 var lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 8. maí 2020 um framkvæmdaleyfi vegna m.a. byggingu undirganga fyrir gangandi og hjólandi umferð undir Bústaðaveg, gerð hringtorgs á Bústaðaveg, hækkun Bústaðavegar, gerð nýrrar götu frá Bústaðavegi til norðurs vestan við Sprengisand og hesthús, gerð göngu- og hjólreiðastígs frá Miklubraut meðfram rampa að Reykjanesbraut, gerð tengistíga o.fl. Einnig er lagt fram teikningasett dags. 1. maí 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. maí 2020.

*Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 29. maí 2020. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*

30. **Gufuneshöfði, breyting á deiliskipulagi** (02.2) Mál nr. SN200163  
Skjalnr. 12335

681194-2749 Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík

530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Kanon arkitekta ehf. dags. 11. mars 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hamrahverfis vegna Gufuneshöfða. Í breytingunni felst að leyfileg hæð masturs verði um 15 metrar í stað 10 metrar ásamt því að akfær aðkomuslóði verður varanlegur en ekki tímabundin, samkvæmt uppdrætti Kanon arkitekta ehf. dags. 17. mars 2020. Einnig er lagður fram tölvupóstur Umhverfisstofnunar dags. 18. mars 2020 þar sem ekki eru gerðar athugasemdir við erindið. Tillaga var grenndarkynnt frá 27. apríl 2020 til og með 25. maí 2020. Eftirtaldir sendu inn athugasemdir: Gunnar Hauksson og Guðrún H. Ingimarsdóttir dags. 12. maí 2020, Jón Ágúst Guðmundsson dags. 25. maí 2020 og Jóhannes Þorkelsson dags. 25. maí 2020.

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:20.

Björn Axelsson

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir